

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina „Skátaheimili Landnema“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. mars 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina „Skátaheimili Landnema“.

Skátafélagið Landnemar í Reykjavík og eldri félagar í því, sem staðið hafa saman að því að byggja félagsheimili Landnema að Snorrabraut 60 í Reykjavík, hafa ákveðið að stofna sjálfseignarstofnun með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun með nafninu „Skátaheimili Landnema“.

2. gr.

Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnframlag er sá hluti fasteignarinnar Snorrabraut 60 í Reykjavík, sem er skráð eign skátafélagsins Landnema ásamt þeim réttindum og skyldum, sem henni fylgja.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að ljúka byggingu og frágangi ofangreinds eignarhluta að Snorrabraut 60 og annast rekstur hans eða annars skátaheimilis Landnema. Stofnunin getur og ákveðið að aðstoða daglegan rekstur skátafélagsins Landnema.

5. gr.

Stofnendur eru skátafélagið Landnemar í Reykjavík og eldri félagar þess skv. meðfylgjandi skrá, sem með vinnu sinni hafa stuðlað að því að framangreind eign hefur orðið til.

6. gr.

Félagar auk stofnfélaga geta orðið þeir eldri félagar Landnema og velunnarar, sem skila framlagi til stofnunarinnar í samræmi við ákvörðun aðalfundar fyrir hvert ár um lágmarksframlag félaga.

Stjórn stofnunarinnar skal halda félagaskrá, sem leggja skal fram eigi síðar en 2 vikum fyrir aðalfund.

7. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í stofnuninni. Skal hann haldinn árlega eftir að búið er að halda aðalfund skátafélagsins Landnema og eigi síðar en mánuði eftir þann fund.

Aðalfund skal boða með a. m. k. 2ja vikna fyrirvara með bréfi til félagsmanna.

Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað, án tillits til þátttöku. Ef samþykktar eru breytingar á skipulagsskrá varðandi tilgang stofnunarinnar eða um að leggja hana niður á aðalfundi, þar sem mættir eru færri en helmingur félaga, skal þó boðað til framhaldsaðalfundar bréflaga með 2ja vikna fyrirvara til að fjalla um þessar samþykktir og sé getið um tilefnið í fundarboði.

Á aðalfundi eiga setu með fullum rétti eftirtaldir aðilar:

1. Stjórn skátafélagsins Landnema og æðri foringjar þess.
2. Stofnfélagar og aðrir félagar, sem fullnægja skilyrðum 6. gr. Stjórn stofnunarinnar getur og boðið öðrum setu á aðalfundi sem áheyrnarfulltrúum með málfrelsi.

8. gr.

Á aðalfundi skal dagskrá vera þessi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis.
3. Ákvörðun um ráðstöfun rekstrarafgangs ef einhver er sbr. 12. gr.
4. Kjör stjórnar skv. 9. gr.
5. Kjör endurskoðanda skv. 9. gr.
6. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá ef fram hafa komið sbr. 15. gr.
7. Önnur mál, ef upp kunna að verða borin.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Einn skal tilnefndur af skátafélaginu Landnemunum úr hópi stjórnarmanna þess til eins árs. Hinir 4 skulu kjörnir til tveggja ára á aðalfundum og skulu 2 þeirra ganga úr stjórn á ári hverju. Má eigi endurkjósa þá fyrr en að 2 árum liðnum. Endurskoðendur skulu vera tveir. Skal annar kjörinn af aðalfundi til eins árs, en hinn tilnefndur til jafnlangs tíma af stjórn Skátasambands Reykjavíkur.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar kys sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin markar stefnu stofnunarinnar á milli aðalfunda og ber ábyrgð á daglegum rekstri hennar. Hún hefur heimild til að taka lán fyrir hönd stofnunarinnar og veðsetja eignir hennar. Sala á fasteignum stofnunarinnar er þó háð samþykki aðalfundar eða almenns fundar, sem boðaður er með sama hætti og aðalfundur.

Stjórnin skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir, en fundir skulu ekki vera færri en 6 á ári hverju.

11. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Um bókhald hennar skal fara eftir gildandi lögum um bókhald og góðum reikningsskilavenjum.

Endurskoðaðir ársreikningar stofnunarinnar skulu tilbúnir svo fljótt ár hvert, að unnt sé að kynna þá á aðalfundi skátafélagsins Landnema.

12. gr.

Ef hagnaður verður af rekstri stofnunarinnar skal honum varið henni til eflingar í samræmi við 4. gr. Aðalfundi er þó heimilt að ráðstafa hagnaði eða hluta hans til sérstaks verkefnis í þágu almennrar skátastarfsemi ef $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna samþykkja.

13. gr.

Verði skátafélagið Landnemar lagt niður eða það hættir að starfa tekur aðalfundur stofnunarinnar ákvörðun um það, hvort hún heldur áfram að starfa og þá hvernig.

14. gr.

Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til skátafélagsins Landnema, ef það er starfandi, en ella til heildarsamtaka skáta í Reykjavík og að þeim frágengnum til heildarsamtaka skáta í landinu.

15. gr.

Tillaga um breytingar á skipulagsskrá þessari eða um að leggja stofnunina niður skal hljóta $\frac{2}{3}$ atkvæða fundarmanna á aðalfundi til að ná fram að ganga sbr. og ákvæði 3. mgr. 7. gr. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá eða um að leggja stofnunina niður skulu sendar stjórn hennar fyrir áramót og skulu þær fylgja fundarboði aðalfundar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á stofnfundi skulu kjörnir 4 menn í stjórn stofnunarinnar sbr. 9. gr., 2 til eins árs og 2 til tveggja ára.

21. mars 1986

REGLUGERÐ

Nr. 167

um menntun, réttindi og skyldur lækna-ritara.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig lækna-ritara og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi frá skólum, sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisyfirvöldum. Leita skal umsagnar Félags íslenskra lækna-ritara og landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Ráðherra getur veitt þeim, sem eru í starfi við gildistöku reglugerðarinnar og hafa starfað í a. m. k. þrjú ár á síðustu 6 árum áður en reglugerðin tekur gildi, starfsleyfi, að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

4. gr.

Starfsvettvangur lækna-ritara er á heilbrigðisstofnunum og stofnunum hins opinbera er fara með stjórnunarmál á heilbrigðisviði. Þeir annast ritun, skýrslugerð og umsjón með öllum gögnum er varða sjúklinga og meðferð þeirra svo og annarra aðila er til heilbrigðisstofnana leita, skv. nánari fyrirmælum lækna og undir handleiðslu og ábyrgð þeirra.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til lækna-ritarastarfa aðra en þá, sem hafa starfsleyfi skv. reglugerð þessari.

6. gr.

Lækna-ritara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt hann láti af störfum.

7. gr.

Lækna-ritara ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

8. gr.

Um lækna-ritara gilda að öðru leyti, og eftir því sem við á, reglur læknalaga nr. 80/1969. Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi og sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.